

**Ed.**

**349. Frumvarp til laga**

[200. mál]

um búfjárhald í þéttbýli.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Slík samþykkt öðlast gildi, þegar hún hefur verið staðfest af ráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Með búfé í lögum þessum er átt við nautgripi, hross, svín, sauðfé, alifugla, loðdýr, kanínur og geitur.

3. gr.

Í samþykkt skv. 1. gr. má ákveða, að tiltekið búfjárhald sé algerlega bannað í sveitarfélaginu, að búfjárhald verði takmarkað við tiltekin svæði í sveitarfélaginu eða að búfjárhald verði takmarkað að því er snertir fjölda hverrar tegundar búfjár og fjölda búfjár hvers leyfishafa, sbr. 4. gr.

4. gr.

Ákveða má í samþykkt skv. 1. gr., að búfjárhald í kaupstað eða kauptúni sé óheimilt án leyfis og að hver sá, sem búfjárhald vill stunda í sveitarfélaginu, skuli sækja um leyfi til sveitarstjórnar. Leyfi til búfjárhalds skal bundið við tiltekinn hámarksfjölda búfjár. Í samþykkt má ákveða, að búfjárleyfi sé afturkallanlegt með tilteknum fyrirvara, eða binda það við ákveðinn tíma.

Í samþykkt um búfjárhald má setja ákvæði um almenn skilyrði fyrir veitingu búfjárleyfa, s. s. um gripahús, vörslu búfjár, fóðrun og meðferð, beit, hagagöngu og fjallskil.

5. gr.

Heimilt skal sveitarstjórn að láta handsama búfé, sem haldið er í óleyfi í sveitarfélaginu, og láta selja það eða slátra því.

Fylgi leyfishafi ekki reglum eða skilyrðum í búfjárleyfi um búfjárhald, er sveitarstjórn heimilt að svipta hann búfjárleyfi og fara svo með fé hans sem um ræðir í 1. mgr.

6. gr.

Sá, sem verður sannanlega fyrir atvinnutjóni vegna takmörkunar eða banns á búfjárhaldi þannig að bótum varði, á rétt á bótum úr sveitarsjóði.

7. gr.

Sá, sem heldur búfé í óleyfi eða brýtur ákvæði laga þessara, samþykktar settrar skv. þeim eða skilyrði, sem sett eru í búfjárleyfi, skal sæta sektum. Skal með slík mál farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Í samþykkt skv. 1. gr. eða sérstakri gjaldskrá staðfestri af ráðherra má ákveða, að leyfishafi greiði árlega gjald, búfjargjald, fyrir leyfi til búfjárhalds og sé gjaldið tiltekin fjárhæð á hvern grip skv. búfjárleyfi. Skal gjald þetta renna í sveitarsjóð og verði því varið til að standa undir kostnaði sveitarfélags vegna búfjárhalds í sveitarfélaginu.

9. gr.

Búfjánhald tilraunastöðva landbúnaðarins er undanþegið ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1983. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 44 frá 23. maí 1964 um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum var sveitarstjórnnum í kaupstöðum og kauptúnum með 1000 íbúa og fleiri heimilað að setja reglugerð með samþykki ráðherra um búfjánhald. Með lögum nr. 38 frá 23. maí 1980 var heimild þessi rýmkuð, þannig að hún nær nú til allra kauptúna auk kaupstaðanna.

Í lögum nr. 44/1964 fólust heimildir til að ákveða í reglugerð

- a) að búfjánhald skyldi algerlega bannað í sveitarfélaginu,
- b) að búfjánhald skyldi bundið við tiltekið eða tiltekin svæði í sveitarfélaginu,
- c) að einstakar tegundir búfjár í sveitarfélaginu skyldu takmarkaðar.

Gert var ráð fyrir, að takmarkað búfjánhald skyldi bundið við leyfi sveitarstjórnar, þar sem tilgreindur væri hámarksfjöldi búfjár. Í lögnum var heimiluð gjaldtaka fyrir búfjárleyfi og ákveðin viðurlög við búfjánhaldi án leyfis og öðrum brotum á lögnum og reglugerðum settum skv. þeim.

Flestallar bæjarstjórnir og hreppsnefndir í kauptúnahreppum hafa neytt heimildar búfjánhaldslaganna um setningu búfjárreglugerða til að takmarka búfjánhald og setja reglur um það, en ekkert sveitarfélag hefur bannað búfjánhald algerlega. Reglugerðir sveitarfélaganna eru flestar svipaðar að efni og formi, sbr. þó reglugerð nr. 141/1977 um búfjánhald í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem er þeirra ítarlegust og geymir auk þess ákvæði um fjallskil og meðferð jarðeignamála í kaupstaðnum.

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um búfjánhald í þéttbýli landsins eða reynsluna af setningu reglugerða um takmörkun þess.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1980 var samþykkt að skora á sveitarstjórnir í þéttbýli að setja samræmdar reglur um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum. Ályktun þessi var send Sambandi ísl. sveitarfélaga með bréfi í október 1980. Stjórn sambandsins lýsti samþykki sínu við efni ályktunarinnar og óskaði tillagna Stéttarsambandsins og Búnaðarfélags Íslands um samræmdar reglur um búfjánhald, sem orðið gætu fyrirmynd að samræmdum reglugerðum eða samþykktum einstakra sveitarfélaga. Varð að ráði, að einn fulltrúi frá hverjum framangreindra aðila tæki sæti í starfshópi, sem gerði tillögur að slíkum reglum og breytingum á lögum um búfjánhald, ef nauðsyn yrði á því talin. Í starfshópnum áttu sæti: Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Ólafur Dýrmundsson frá Búnaðarfélagi Íslands. Starfshópurinn aflaði sér gagna um þessi mál og ræddi þau á nokkrum fundum. Gerði hann tillögur um fyrirmynd að samþykktum um búfjánhald, sem þéttbýlissveitarfélög gætu haft til hliðsjónar við gerð samþykkta. Við samningu fyrirmyndarinnar var leitast við að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Þar er miðað við, að búfjánhald utan lögbýla verði fyrst og fremst tólmstunda-  
idja, en frávik frá þeirri reglu yrðu einkum varðandi alifugla-, svína- og loðdýrarækt. Gengið er út frá því, að búfjánhald verði í samræmi við aðstæður í hverju sveitarfélagi. Lausaganga búfjár verði bönnuð í þéttbýli. Beitolönd verði hóflega nýtt og uppbygging gripahúsa verði í samræmi við skipulag. Þá verði tekið tillit til almennra markaðsaðstæðna landbúnaðarins á hverjum tíma. Þá er athygli vakin á félagslegu gildi búfjánhalds í þéttbýli.

Starfshópurinn taldi nauðsynlegt, að lögum nr. 44/1964 yrði breytt eða öllu heldur að ný lög kæmu í stað þeirra. Í frumvarpi því til laga um búfjánhald í þéttbýli, sem hér er fram lagt, felast eftirtaldar breytingar frá gildandi lögum:

- a) gjaldtaka fyrir veitt búfjárleyfi miðist við tiltekna fjárhæð **fyrir hvern grip**, sbr. 8. gr.
- b) ákvæði laganna ná til fleiri tegunda búfjár en skv. gildandi lögum, þ. e. einnig til loðdýra, kanína og geitna, sbr. 2. gr.
- c) sömu ákvæði um heimild til takmörkunar búfjár gilda um allar tegundir búfjár, þ. e. undanþáguheimild varðandi reiðhesta er felld niður sbr. 3. mgr. 1. gr. gildandi laga, enda ástæðulaust að sérreglur gildi um þessa einu tegund búfjár.
- d) í 7. gr. frv. er ekki tilgreint hámark sektar, svo sem er í 7. gr. gildandi laga.  
Í 10. gr. frv. er ákvæði um gildistöku tíma laganna þ. e. 1. september 1983. Virðist sá árstími vera heppilegur gildistöku tími slíkra lagaákvæða.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Sérákvæði í 1. gr. gildandi laga um undanþágu tilraunastöðva er flutt í 9. gr. frv. Sérákvæði um reiðhestahald í 3. mgr. 1. gr. gildandi laga er felld niður og skilgreining á búfjárhaldi í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga er flutt í 2. gr. frv.

Um 2. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga. Hér er bætt við í upptalningu alifuglum, loðdýrum, kaninum og geitum. Talið er rétt, að sveitarstjórn í þéttbýli hafi möguleika á lagaheimild til takmörkunar slíks búrekstrar í sveitarfélaginu eigi síður en til takmörkunar á haldi nautgripa, hrossa, svína og sauðfjár.

Um 3. gr.

Í greininni felast ekki breytingar á ákvæðum gildandi laga að öðru leyti en því, að heimilað er að takmarka fjölda búfjár hvers leyfishafa, sbr. 4. gr. frv.

Um 4. gr.

Ákvæði um búfjárleyfi eru í meginatriðum í samræmi við ákvæði gildandi laga. Þó er það nýmæli í greininni, að heimilað er að binda búfjárleyfi við tiltekinn fjölda búfjár hvers leyfishafa, svo og að binda leyfið skilyrðum varðandi aðbúnað, vörslu og fóðrun búpenings.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvarar ákvæði 4. gr. gildandi laga.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar er samhljóða 5. gr. gildandi laga.

Um 7. gr.

Sektarhámark er felld niður.

Um 8. gr.

Í þessari gr. felst sú breyting frá ákvæðum gildandi laga að búfjárgjald er miðað við fjölda gripa skv. búfjárleyfi og að tekjum sveitarsjóðs af búfjárgjaldi skuli varið til að standa undir kostnaði sveitarfélags vegna búfjárhalds í sveitarfélaginu.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæði er í 1. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringa.